

436. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 21. febrúar 2019
og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Tinna Hrund Hlynisdóttir formaður, Þórir Guðmundsson varaformaður, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður, Bragi Rúnar Axelsson aðalmaður og Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Þóra Marý Arnórsdóttir, deildarstjóri fötlunarþjónustu og Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Stella Guðrún Jóhannsdóttir, þroskaþjálfanemi sat fundinn.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál. - 2011090094

Fjögur trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

Trúnaðarmálin rædd og færð til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.

2. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 31. janúar, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, 274. mál. Umsagnarfrestur er til 21. febrúar.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1048. fundi sínum 4. febrúar og vísaði því til velferðarnefndar.

Velferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

3. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 31. janúar, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra (Framkvæmdarsjóður aldraðra) 306. mál.

Umsagnarfrestur er til 21. febrúar.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1048. fundi sínum 4. febrúar og vísaði því til umsagnar í velferðarnefnd.

Velferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

4. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 6. febrúar þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (stofnanir á málefnasviði félags- og barnamálaráðherra), 495. mál. Umsagnarfrestur

er til 27. febrúar.

Bæjarráð tók málið fyrir á 1049. fundi sínum 11. febrúar vísaði til velferðarnefndar til umsagnar.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

5. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 7. febrúar, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál.

Bæjarráð tók málið fyrir á 1049. fundi sínum 11. febrúar og vísaði því til velferðarnefndar til umsagnar.

Velferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

6. Fundargerðir verkefnahóps BS Vest. - 2011090092

Fundargerðir verkefnahóps BS Vest lagðar fram frá fundum 68, 69, 71, 72 og 73.

Fundargerðir verkefnahóps lagðar fram til kynningar.

7. Fundargerðir stjórnar BS Vest. - 2015030003

Lagðar fram fundargerðir stjórnar BS Vest frá fundum 20-24.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

8. Öldungaráð, fundargerðir. - 2016090043

Lögð fram fundargerð öldungaráðs frá 10. fundi ráðsins.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

9. Notendaráð fatlaðs fólks - 2019020050

Lagt fram bréf frá Þuríði Hörpu Sigurðardóttur dags. 12. febrúar 2019 þar sem Öryrkjabandalag Íslands sendir fyrirspurn til Ísafjarðarbæjar um hvort sveitarfélagið hafi skipað í notendaráð.

Velferðarnefnd hefur ekki haft frumkvæði að stofnun notendaráðs þar sem hlutverkið hefur verið á hendi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Erindið verður áframsent til BS Vest.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Tinna Hrund Hlynsdóttir

Þórir Guðmundsson

Hulda María Guðjónsdóttir

Bragi Rúnar Axelsson

Auður Helga Ólafsdóttir

Sædís María Jónatansdóttir

Margrét Geirsdóttir

Þóra Marý Arnórsdóttir

Sigríður Hulda
Guðbjörnsdóttir